

Föstudaginn 21. febrúar 1986.

Nr. 227/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Trausta Aðalsteini Kristjánssyni og

Óla Pétri Lúvíkssyni

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

Þjófnaður. Nyttjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1985 að ósk ákærða Trausta Aðalsteins Kristjánssonar en jafnframt var málinu áfrýjað af hálfu ákærvaldsins að því er varðar báða ákærðu til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 10. desember 1985.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur koma eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti þar sem þess hefur ekki verið krafist sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974. Fram er komið að ákærði Trausti hefur greitt að fullu bætur þær sem héraðsdómur ákvað.

Ákæra 7. október 1980: Ákærða er gefið að sök að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifhjóls. Þessu ákæruatriði mótmælti ákærði við fyrirtöku málsins 11. janúar 1983, en hafði þó áður viðurkennt það fyrir lögreglu samkvæmt skýrslu lögregluunnar. Eitt vitni, Henrý Bæringsson, hefur komið fyrir dóm og telur hann ákærða hafa verið nokkuð undir áfengisáhrifum. Önnur gögn voru ekki færð fram í málinu um þetta sakarefni, og héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að taka skýrslu af þeim Guðrúnu Haraldsdóttur og Gunnsteini Jónssyni sem hefðu átt að geta borið um þetta efni. Að svo vöxnu máli þykir ákærði eigi verða sakfelldur fyrir ölvun við akstur bifhjólsins.

Önnur atriði þessarar ákæru mundu, þótt sönnuð teldust, eigi varða hærri refsingu en sektum.

Atvik þau, sem ákæran varðar, gerðust 24. ágúst 1980. Ákæran var gefin út 7. október sama ár. Hinn 11. maí 1981 voru skýrslur

teknar í dómi af þremur vitnum án þess þó að ákæra væri lögð fram og málið þingfest, og ákærði kom eigi fyrir dóm. Hinn 11. janúar 1983 hefur málið verið tekið fyrir í þinghaldi í sakadómi Ísafjarðar, og er þar bókað að ákæran hafi verið lögð fram, en eigi ber hún þó áritun um það. Ákærði kom þá fyrir dóm og neitaði sök sem fyrr greinir. Var síðan eigi aðhafst í málinu fyrr en 27. mars 1985, er ákæran var á ný lögð fram í sakadómi Ísafjarðar (merkt dskj. XX) og málið sameinað öðrum málum sem þar voru til meðferðar (ákærur 30. september 1983 og 18. maí, 5. júlí, 10. september og 19. nóvember 1984).

Samkvæmt þessu liðu um tvö ár og 4½ mánuður frá því brot voru framin og þar til málið var tekið fyrir og ákærði kvaddur fyrir dóm. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981 þykir sök þá hafa verið fyrnd, þar sem ekki verður talið að yfirheyrsla þriggja vitna 11. maí 1981 hafi rofið fyrningarfrest sbr. 4. mgr. 82. gr. hegningarlaga sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Ákæra 30. september 1983: Úrlausn héraðsdómara um sýknu af ákæru fyrir brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga stendur óhöggud, enda hefur ríkissaksóknari við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafist staðfestingar dómsins að því leyti. Ölvunarakstur ákærða Trausta Aðalsteins varðar við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem hann var sviptur ökuleyfi varðar akstur hans einnig við 27. gr. sbr. 81. gr. sömu laga.

Ákæra 18. maí 1984: Ákærðu hafa báðir með innbrotspjófnaði í verslunina Vöruval brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Með ölvunarakstri sínum hefur ákærði Trausti brotið gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og þar sem hann var sviptur ökuleyfi hefur hann einnig unnið til refsingar samkvæmt 27. gr. sbr. 81. gr. sömu laga. Þá sýndi hann ógætni í akstri er varðar við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga, en 26. gr. á hér ekki við né heldur 49. gr. þar sem ekki er sannað að hraði bifreiðarinnar hafi verið óhæfilegur.

Ákæra 5. júlí 1984: Ákærði Trausti hefur með ölvunarakstri sínum í tvö skipti unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og ennfremur samkvæmt 27. gr. sbr. 81. gr. sömu laga þar sem hann var sviptur ökuleyfi.

Ákæra 10. september 1984: Ölvunarakstur ákærða Trausta

varðar hann refsingu samkvæmt 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og ennfremur samkvæmt 27. gr. sbr. 81. gr. sömu laga þar sem hann var sviptur ökuleyfi. Innbrotspjófnaður í Vörumarkað Kaupfélags Ísfirðinga varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra 19. nóvember 1984: Með því að aka bifreið 14. mars og 16. júlí 1984, þótt sviptur hefði verið ökuleyfi, hefur ákærði Trausti brotið gegn 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga. Í síðara skiptið var hann undir áfengisáhrifum og hefur í það sinn einnig brotið gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Ákæra 8. mars 1985: Með innbrotspjófnaði 31. desember 1984 hefur ákærði Trausti brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Með akstri bifreiða 9. og 16. febrúar 1985 hefur hann brotið gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga þar sem hann var undir áfengisáhrifum, og einnig gegn 27. gr. sbr. 81. gr. sömu laga þar sem hann var sviptur ökuleyfi. Of hraður akstur bifreiðar í síðargreint skipti varðar við 1. mgr. og a-, b- og c-liði 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga og þar sem bifreiðin var óskrásett varðar akstur hennar einnig við 1. mgr. 11. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða Trausta Aðalsteins verður samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og fyrri brotaferli ákærða ákveðin fangelsi 8 mánuði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga komi gæsluvarðhaldsvist hans í 27 daga refsingu til frádráttar.

Ákærði Óli Pétur hefur sem fyrr greinir brotið gegn 244. gr. hegningarlaga, en það athugast að 256. gr. sömu laga verður ekki beitt við refsíákvörðun svo sem héraðsdómur gerir. Þykir með hliðsjón af því að ákærði hefur eigi fyrr gerst sekur um hegningarlaga-brot rétt að fresta ákvörðun um refsingu hans, og verði refsing ekki dæmd ef ákærði heldur í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti var af ákæruvaldsins hálfu krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um ákæru 7. október 1980 og um refsingu. Verður ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað því ekki haggað ákærða í óhag.

Þá verða ákærðu dæmdir til að greiða áfrýjunarkostnað, þannig að ákærði Trausti greiði $\frac{3}{4}$ hluta, en $\frac{1}{4}$ hluta greiði ákærðu in solidum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, sæti fangelsi 8 mánuði en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 27 dagar.

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærða Óla Péturs Lúðvíkssonar, og verður refsing ekki dæmd haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða Trausta Aðalsteins Kristjánssonar og um sakarkostnað eru staðfest.

Af áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með töldum saksóknarlausnum í ríkissjóð, 20.000,00 krónum, og málsvarnarlausnum skipaðs verjanda ákærðu, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónum, greiði ákærði Trausti Aðalsteinn einn $\frac{3}{4}$ hluta, en $\frac{1}{4}$ hluti greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 24. júní 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní 1985, er höfðað fyrir sakadómi Ísafjarðar með 6 ákæruskjölum á hendur ákærða Trausta Aðalsteini Kristjánssyni, frá 7. október 1980, 30. september 1983, 5. júlí 1984, 10. september 1984, 19. nóvember 1984 og 8. mars 1985 og einu ákæruskjali á hendur Trausta Aðalsteini Kristjánssyni og Óla Pétri Lúðvíkssyni, frá 18. maí 1984. Dómarinn ákvað að sameina mál þessi og dæma í einu lagi í þinghaldi 27. mars 1985.

Ákærðu eru báðir sakhæfir. Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, Engjavegi 21, Ísafirði, er fæddur 1. nóvember 1961 og ákærði Óli Pétur Lúðvíksson, Króki 2, Ísafirði er fæddur 30. september 1963.

I. Ákæra frá 7. október 1980.

Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson er ákærður „.....“ fyrir að aka, aðfaranótt sunnudagsins 24. ágúst 1980, undir áhrifum áfengis, sviptur

ökuréttindum og hjálmlaus, bifhjólínu Í-508 frá Breiðadalsheiði ljóslausu til Ísafjarðar þar sem akstrinum lauk við Hlíðarveg 34.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 53. gr., 4. mgr. 59. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og lög nr. 30, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 24. ágúst 1980 var ákærði farþegi í bifreið sinni. Ökumaður var Jón Ebbi Halldórsson en aðrir farþegar voru Henry Bæringsson og Brynjar Konráðsson. Bifreiðinni var ekið norður Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði en hún stöðvuð við vegamótin upp á Breiðadalsheiði þegar áðurnefndir aðilar hittu þau Gunnstein Jónsson og Guðrúnu Haraldsdóttur á bifhjólínu Í-508 sem Gunnsteinn ók. Það varð úr að ákærði tók við akstri bifhjólsins en Gunnsteinn Jónsson fór yfir í bifreiðina. Ákærði ók bifhjólínu áfram út á Ísafjörð en á Seljalandsvegi mætir lögreglubifreið ákærða á bifhjólínu. Lögreglubifreiðinni var snúið við og ekið í norður á eftir ákærða en ekki tókst að hafa uppi á honum.

För ákærða lauk síðan við Hlíðarveg 34, Ísafirði. Þar fór ákærði inn skömmu síðar, ásamt Guðrúnu Haraldsdóttur, Gunnsteini Jónssyni, Henry Bæringssyni og Brynjari Konráðssyni og dvaldi ákærði þar í nokkurn tíma.

Þegar lögregla tók skýrslu af ákærða að kvöldi sunnudagsins 24. ágúst 1980 sagðist hann hafa verið búinn að drekka nokkra vinsnafsa, meðan hann var farþegi í bifreið sinni, áður en hann hóf akstur bifhjólsins og fundið til áfengisáhrifa við akstur þess. Fyrr um daginn, þegar lögregla tók skýrslu af ákærða, kvaðst hann hafa neytt áfengis eftir að akstri bifhjólsins lauk, að Hlíðarvegi 34. Það hafi verið áfengi sem Gunnsteinn Jónsson átti og veitti honum.

Ákærða var birt ákæran fyrir dómi 11. janúar 1983. Hann kvað hana rétta í öllum atriðum utan það að hann neitaði því að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifhjólsins umrætt sinn. Einnig kvað hann það rangt borið hjá vitnunum, sem fram komi í skjölum málsins, að hann hafi neytt áfengis áður en hann hóf akstur bifhjólsins.

Ákærði kom fyrir dóm 16. febrúar 1985 og ítrekaði þá framburð sinn fyrir dómi 11. janúar 1983 varðandi það að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við akstur bifhjólsins umrætt sinn.

Henry Bæringsson gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 1980. Þá greindi hann frá því að þegar hann kom inn í bifreið ákærða, sem ákærði var farþegi í, hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis. Henry kvaðst hafa haft meðferðis áfengisflösku sem var tæplega hálf af blöndu af sterku áfengi,

léttu víni og gosdrykk, og hafi allir farþegar bifreiðarinnar drukkið úr flöskunni og klárað úr henni. Þegar ákærði fór út úr bifreiðinni og hóf akstur bifhjólsins kvaðst Henry hafa talið að ákærði hefði verið nokkuð undir áhrifum áfengis.

Henry Bæringsson kom fyrir dóm 11. maí 1981 og staðfesti þá fyrri vitnaskýrslu sína en vildi þó taka það fram að sjálfur hefði hann verið ólvaður er umræddur atburður átti sér stað.

Guðrún Haraldsdóttir var farþegi á bifhjólinu er ákærði ók því umrætt sinn. Hún gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 1980. Henni sagðist svo frá í skýrslu lögreglu: „Ég fór með Trausta á bifhjólinu, þar sem mig langaði til þess. Ég hugsaði ekki út í það þá hvort Trausti væri undir áhrifum áfengis eða ekki, en nú er mér ljóst að svo muni hafa verið.“ Einnig sagði Guðrún að eftir að komið var að Hlíðarvegi 34 hafi ekkert vín verið haft um hönd.

Gunnsteinn Jónsson, sá er áður ók bifhjólinu og heimilaði ákærða síðar að aka því, gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 1980. Hann kvaðst ekki hafa verið viss um það hvort ákærði var undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur bifhjólsins, og ekkert verið að hugsa út í það.

Jón Ebbi Halldórsson, sá er ók ákærða í bifreið hans, gaf skýrslu fyrir dómi 11. maí 1981. Hann kvað sér hafa verið það ljóst að farþegar í bifreiðinni hafi neytt áfengis en ekki kvaðst hann geta sagt til um áfengisneyslu ákærða, né heldur hvort ákærði var undir áhrifum áfengis er hann ók bifhjólinu.

Ekki var ákærða tekið blóð til ákvörðunar alkóhóls í því.

Í frumskýrslu lögreglu, ódagsettri, segir að ákærði hafi verið hjálmlaus er hann ók bifhjólinu umrætt sinn. Það viðurkenndi ákærði er hann gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 1980. Ekki gerði ákærði athugasemd við þennan lið ákæru er honum var birt ákæran fyrir dómi 11. janúar 1983.

Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 1980 bar hann að bifhjólið hafi verið ljóslaust er hann ók því. Hann er og ákærður fyrir að hafa ekið bifhjólinu Í-508 ljóslausu og gerði hann ekki athugasemd við þann þátt ákærunnar er honum var birt ákæran fyrir dómi 11. janúar 1983.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 6. mars 1980 með dómsátt frá sama degi. Ákærði var því sviptur ökuleyfi er hann ók bifhjólinu Í-508 24. ágúst 1980.

Niðurstaða.

Verjandi ákærða telur ósannað að hann hafi ekið bifhjólinu Í-508 undir áhrifum áfengis 24. ágúst 1980 og vísar því til stuðnings í framburð Guðrúnar Haraldsdóttur, Gunnsteins Jónssonar, Henrys Bæringssonar og

frumskýrslu lögreglu, ódagsettrar, þar sem ekki er getið um áfengisáhrif ákærða.

Ákærði bar hjá lögreglu 24. ágúst 1980 að hafa verið undir áhrifum áfengis er hann ók bifhjólínu Í-508 þann sama dag eftir Skutulsfjarðarbraut út á Ísafjörð. Þennan framburð dró ákærði til baka fyrir dómi 11. janúar 1983 og ítrekaði neitun sína fyrir dómi 27. mars 1985.

Framburðir þeirra vitna, sem hafa verið yfirheyrð hjá lögreglu og/eða fyrir dómi, gefa ekki ótvíræða vísbendingu eða sönnun um sekt ákærða varðandi þetta ákæruatriði.

Með hliðsjón af þessum atriðum og 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir ekki vera komin fram nægileg sönnun um sekt ákærða og ber því að sýkna hann af því að hafa ekið bifhjólínu Í-508 undir áhrifum áfengis aðfaranótt 24. ágúst 1980, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Ákærði skýrði sjálfur frá því hjá lögreglu 24. ágúst 1980 að bifhjólíð Í-508 hafi verið ljóslaust er hann ók því þann sama dag. Þessa háttsemi er ákærði ákærður fyrir í ákæruskjali og kvað hann ákæruna rétta um þetta atriði þegar honum var birt ákæran fyrir dómi. Er því komin fram full sönnun fyrir því að ákærði ók bifhjólínu Í-508 ljóslausu 24. ágúst 1980. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 53. gr. laga nr. 40/1968.

Þá er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði ók bifhjólínu Í-508 sviptur ökuréttindum og hjálmlaus 24. ágúst 1980. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 59. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 30/1977.

Ákærði hefur því unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Vitnin Guðrún Haraldsdóttir og Gunnsteinn Jónsson hafa ekki verið kvödd fyrir dóm til að staðfesta skýrslur sínar, er þau gáfu hjá lögreglu 24. ágúst 1980. Né heldur hefur vitnið Brynjar Konráðsson gefið skýrslu í máli þessu. Á það er hins vegar að líta að nú eru liðin nær 5 ár síðan umrætt atvik átti sér stað og að varhugavert er að byggja sönnun um sekt sökunauts á svo gömlum vitnaframburði og þykir því ekki vera ástæða til þess að kveðja vitnin nú fyrir dóm.

II. Ákæra frá 30. september 1983.

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, er ákærður fyrir „.... að aka, aðfaranótt sunnudagsins 23. janúar 1983, í heimildarleysi bifreiðinni Í-4715, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, á Austur-vegi á Ísafirði þar sem lögreglan hafði afskipti af akstri hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956 og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27.

gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 23. janúar 1983 voru lögregluþjónarnir Einar Karl Kristjánsson og Einar Halldórsson á eftirlitsferð í lögreglubifreið á Ísafirði þegar þeir sáu að bifreiðinni Í-4715 var ekið aftur á bak á Austurvegi. Lögregluþjónarnir höfðu afskipti af ökumanni bifreiðarinnar, ákærða Trausta Aðalsteini, þar sem þeim var kunnugt um að hann var sviptur ökuréttindum. Ákærði var fluttur yfir í lögreglubifreiðina og kom þá í ljós að hann var undir áhrifum áfengis. Var því farið með hann á lögreglustöðina á Ísafirði þar sem varðstjóri tók skýrslu af ákærða og læknir tók honum blóð til ákvörðunar alkóhóls í því.

Samkvæmt niðurstöðu ákvörðunar á alkóhóli í blóði ákærða reyndist það hafa að geyma 2,53‰ alkólhóls.

Er varðstjóri yfirheyrði ákærða neitaði hann í fyrstu að hafa hreyft bifreiðina Í-4715. Síðan kvaðst hann hafa verið að „færa bílinn ...“ á stæði við Uppsali og hefði hann ekið bifreiðinni u.þ.b. 10 metra. Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis áður en hann ók bifreiðinni Í-4715.

Lögreglan á Ísafirði tók skýrslu af ákærða 10. maí 1983 vegna þessa atviks. Hann kvaðst hafa verið á dansleik í Uppsölum við Austurveg áður en hann ók bifreiðinni Í-4715. Ákærði kvaðst hafa sest undir stýri bifreiðarinnar vegna þess að hann hefði lánað eiganda bifreiðarinnar, Helga Helgasoni, miða sinn að dansleiknum. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni aftur á bak um eina billengd vegna þess að bifreið hefði þurft að komast út af bifreiðastæði Kaupfélags Ísfirðinga sem er gegnt Uppsölum.

Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis áður en hann ók bifreiðinni Í-4715 og fundið til áfengisáhrifa.

Eigandi bifreiðarinnar Í-4715, Helgi Helgason, gaf skýrslu hjá lögreglu 30. ágúst 1983. Hann skýrði frá því að lykklar bifreiðarinnar hefðu gleymst í kveikjulás hennar. Einnig greindi Helgi Helgason frá því að hann hefði ekki lánað ákærða bifreiðina heldur hefði hann tekið bifreiðina ófrjálsri hendi.

Ákærða var birt ákæran fyrir dómi 25. febrúar 1985. Þá viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni Í-4715 undir áhrifum áfengis aðfaranótt sunnudagsins 23. janúar 1983 á Austurvegi, Ísafirði. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni Í-4715 í heimildarleysi en sagðist ekki hafa haft ásetning til að taka bifreiðina ófrjálsri hendi heldur hafi hann einungis verið að færa hana til.

Ákærði skýrði einnig frá því að unnusta Helga Helgasonar hefði verið í bifreiðinni umrætt sinn. Unnusta Helga Helgasonar, Jóna Jónsdóttir, var kvædd fyrir dóm 9. apríl 1985 og kvaðst hún þess þá fullviss að hún hefði aldrei sest upp í bifreiðina Í-4715.

Lögregluþjónninn Einar Karl Kristjánsson gaf skýrslu fyrir dómi 9. apríl 1985. Vitnið skýrði frá því að bifreiðin Í-4715 hafi verið kyrrstæð þegar afskipti voru höfð af ökumanni hennar, ákærða Trausta Aðalsteini. Áður telur vitnið að ákærði hafi ekið bifreiðinni Í-4715 2-4 metra aftur á bak. Vitnið taldi sig muna að bifreið hafi verið að koma út af bifreiðastæði við Kaupfélag Ísfirðinga og því hafi bifreiðinni Í-4715 verið ekið aftur á bak. Eftir að ákærði hafði stöðvað akstur bifreiðarinnar Í-4715 taldi vitnið hann ekki hafa sýnt neina tilburði til að halda atkstrinum áfram.

Lögregluþjónninn Einar Halldórsson gaf skýrslu fyrir dómi 11. apríl 1985. Vitnið skýrði frá því að þegar það hafði afskipti af ákærða, sunnudaginn 23. janúar 1983, hafi það verið vegna þess að það sá ákærða vera að hreyfa bifreiðina Í-4715 á Austurvegi við Kaupfélag Ísfirðinga og kvaðst hafa vitað að ákærði hafði ekki ökuleyfi. Vitnið kvað bifreiðina Í-4715 hafa verið kyrrstæða þegar höfð voru afskipti af ökumanni hennar, og hafi bifreiðin ekki verið stöðvuð vegna bendinga eða fyrirmæla lögreglunnar. Vitnið kvað ákærða hafa fært bifreiðina til sem nemur einni billengd en ekki kvaðst það vita hvers vegna ákærði færði bifreiðina til. Eftir að ákærði stöðvaði bifreiðina kvað vitnið hann ekki hafa sýnt neina tilburði til að halda akstrinum áfram.

Niðurstaða.

Ákærði hefur haldið því fram, hjá lögreglu og fyrir dómi að tilgangur sinn með akstri bifreiðarinnar Í-4715 umrætt sinn hafi verið sá að hleypa bifreið út af bifreiðastæði Kaupfélags Ísfirðinga. Þessi framburður ákærða fær beinlínis stoð í framburði vitnisins Einars Karls Kristjánssonar. Framburur vitnisins Einars Halldórssonar er að öðru leyti til styrktar framburði ákærða og í samræmi við framburð vitnisins Einars Karls Kristjánssonar.

Með hliðsjón af framburði ákærða og vitnanna Einars Karls og Einars Halldórssonar verður að telja ósannað að ákærði hafi haft ásetning til óheimillar notkunar bifreiðarinnar Í-4715 svo varði við 1. mgr. 259. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfu ákæruvaldsins um refsingu samkvæmt þeirri grein.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að hann ók bifreiðinni Í-4715 undir áhrifum áfengis á Austurvegi aðfaranótt sunnudagsins 23. janúar 1983. Varðar sú háttsemi við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 með dómi frá 15. október 1981. Hann hefur því einnig brotið gegn 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968.

Fyrir áðurnefnd brot hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III. Ákæra frá 18. maí 1984.

Ákærðu, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson og Óli Pétur Lúðvíksson, eru báðir ákærðir „..... fyrir þjófnað með því að hafa, sunnudaginn 22. janúar 1984, brotist inn í verslunina Vöruval á Ísafirði og stolið þar 10 pylsupökkum og tóbaki og sælgæti sem fyllti 2 innkaupapoka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Í sömu ákæru er ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson einn ákærður „..... fyrir að aka, laugardaginn 25. febrúar 1984 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni Í-4231 frá Strandgötu 5a í Hnífsdal inn á Ísafjörð, aka bifreiðinni hratt og ógætilega þrátt fyrir að hann hefði ekki vald á bifreiðinni sökum ölvunar, aka á ljósastaur á Mánagötu á Ísafirði, aka síðan aftur til Hnífsdals, aka þar á ljósastaur við Kaupfélagshúsið, aka á skreiðarhjall við Strandgötu en akstri hans lauk við Strandgötu 5a.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Trausti Aðalsteinn til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Fyrri liður ákæru:

Málsatvik.

Með framburði ákærðu, Trausta Aðalsteins Kristjánssonar og Óla Péturs Lúðvíkssonar, framburði vitna og öðrum gögnum málsins er eftirfarandi upplýst: Aðfarnótt sunnudagsins 22. janúar 1984 fóru ákærðu akandi í bifreið, sem Sveinbjörg Sveinsdóttir ók, að versluninni Vöruvali á Skeiði, Ísafirði. Ákærðu fóru úr bifreiðinni við vesturgafli hússins og brutu þar tréplötu úr glugga til að komast inn í verslunina. Meðan ákærðu voru inni í versluninni beið Sveinbjörg í bifreiðinni fyrir utan og var henni kunnugt um það í hvaða tilgangi ákærðu fóru inn í verslunina.

Þegar ákærðu komu inn í verslunina fóru þeir fyrst um neðri hæð hennar og tóku þar ýmsar vörur, svo sem í ákæru greinir og ákærðu hafa viðurkennt að sé rétt tilgreint.

Ákærðu fóru síðan upp á efri hæð verslunarinnar og tóku þar úr skrifborðsskúffu tvö ávísanahefti.

Að þessu loknu yfirlögðu ákærðu verslunina og héldu út í verbúðina í Heimabæ í Hnífsdal í bifreiðinni sem Sveinbjörg Sveinsdóttir ók.

Þar varð mest af þýfinu uppurið utan nokkuð af tóbakinu. Af ávísanaheftunum tveimur er það að segja að ákærði Trausti Aðalsteinn útfyllti eitt eyðublaðanna og var það síðar framselt af öðrum í verslun. Hins vegar er ekki ákært fyrir töku og notkun á ávísanaheftunum og verður því ekki frekar fjallað um þann þátt málsins.

Með bréfi ríkissaksóknara frá 10. maí 1984 var ekki krafist frekari aðgerða gagnvart Sveinbjörgu Sveinsdóttur.

Lögð var fram bótakrafa í málinu frá versluninni Vöruvali vegna innbrotsins og hafa ákærðu í sameiningu greitt hana að fullu.

Niðurstaða.

Með framangreindri háttsemi hafa ákærðu, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson og Óli Pétur Lúðvíksson, brotið gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 og unnid sér til refsingar samkvæmt þeirri grein.

Síðari liður ákæru:

Málsatvik.

Samkvæmt framburði ákærða, hjá lögreglu og fyrir dómi, framburði vitna og öðrum gögnum málsins eru atvik þess sem hér segir: Að kvöldi föstudagsins 21. febrúar 1984 hóf ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, neyslu áfengis. Ákærði var við drykkju með félögum sínum aðfaranótt laugardagsins og fram á laugardagsmorgun. Þegar kom fram undir hádegi var farið að ganga á áfengisbirgðir félaganna. Ákærði, sem þá var undir áhrifum áfengis, fór þá ásamt öðrum á bifreiðinni Í-4231 frá Strandgötu 5a, Hnífsdal, inn á Ísafjörð að sækja meira áfengi.

Ákærði kom m.a. við í söluturni á Mánagötu á Ísafirði þar sem félagi hans verslaði. Á meðan var ákærði að aka bifreiðinni á ljósastaur í götunni. Eftir að ákærði hafði lokið erindum sínum á Ísafirði hélt hann ásamt félögum sínum aftur út í Hnífsdal að Strandgötu 5a. Á leiðinni var aksturslag ákærða með þeim hætti að hann ók á ljósastaur við útibú Kaupfélags Ísfirðinga í Hnífsdal og á skreiðarhjall við Strandgötu.

Þegar ákærða var birt ákæran fyrir dómi kvað hann hana rétta í öllum atriðum. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa ekið með þeim hætti sem lýst var sökum ölvunar heldur vegna þess að bifreiðin hefði átt að fara í niðurrif.

Akstur ákærða varð til þess að haft var samband við lögregluna og handtók hún ákærða að Strandgötu 5a, Hnífsdal. Farið var með hann á lög-

reglustöðina á Ísafirði þar sem læknir tók honum blóð til ákvörðunar alkóhóls í því, og rannsókn málsins hófst með yfirheyrslum yfir ákærða og vitnum.

Samkvæmt vottorði um niðurstöðu rannsóknar á alkóhóli í blóði ákærða reyndist það hafa að geyma 2,37 ‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 með dómi frá 15. október 1981.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða, hjá lögreglu og fyrir dómi, og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og hér var lýst. Ákærði hefur því brotið gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

IV. Ákæra frá 5. júlí 1984.

Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson er ákærður fyrir „..... að aka bifreiðum undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum á Ísafirði í september 1983 svo sem rakið er:

1.

Sunnudaginn 11. september stjórnað bifreiðinni Í-4125, sem dregin var af bifreiðinni Í-181 frá Hlíðarvegi 18 en lögreglan hafði afskipti af akstri ákærða við hafnarvogina.

2.

Sunnudaginn 25. september ekið bifreiðinni Í-4713 frá Hlíðarvegi 44 að Heimabæ 4 í Hnífsdal.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fyrri liður ákæru:

Málsatvik.

Lögreglumaður á eftirlitsferð kl. 11:00 sunnudaginn 11. september 1983 veitti athygli bifreiðinni Í-4125 þegar hún var dregin af bifreiðinni Í-181 eftir Hafnarstræti á Ísafirði. Bifreiðunum var veitt eftirför og þær stöðvaðar við hafnarvogina á Ísafirði. Þar sem lögreglunni þótti greinilegt að

ökumaður bifreiðarinnar Í-4125, ákærði, væri undir áhrifum áfengis var hann færður á lögreglustöðina á Ísafirði til töku skýrslu og blóðsýnis.

Ákærði vidurkenndi hjá lögreglu og hafa stjórnað bifreiðinni Í-4125 undir áhrifum áfengis þegar hún var dregin af bifreiðinni Í-181 að hafnarvoginni. Ákærði kvaðst hafa byrjað að neyta áfengis á miðvikudeginum fyrir umræddan atburð og neytt áfengis kvöldið og nóttina áður en hann stjórnaði bifreiðinni Í-4125 og sofið í u.þ.b. tvær klukkustundir eftir að hann hætti að neyta áfengis.

Fyrir dómi staðfesti ákærði framburð sinn hjá lögreglu.

Ekki verður byggt á blóðsýni í máli þessu þar sem mistök urðu við frágang þess hjá lögreglu og liggur það því ekki fyrir.

Með dómi frá 15. október 1981 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 að telja.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af undanfarandi áfengisneyslu ákærða, lýsingu lögreglu á ölvunarástandi ákærða við handtöku og framburði ákærða sjálfs, hjá lögreglu og fyrir dómi, er sannað að hann stjórnaði bifreiðinni Í-4125, ökuréttindalaus, undir áhrifum áfengis sunnudaginn 11. september 1983. Með þessari háttsemi hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Síðari liður ákæru:

Málsatvik.

Laugardaginn 24. september 1983 kl. 21:00 hóf ákærði að neyta áfengis. Hann neytti áfengis þá um kvöldið og nóttina á dansleik og í heimahúsi. Ákærði kveðst hafa neytt um einnar flösku af sterku víni frá kl. 21:00 til kl. 05:00 aðfaranótt sunnudagsins. Þá kveðst ákærði hafa farið að sofa og sofið til um kl. 10:00. Þegar ákærði vaknaði fór hann að Hlíðarvegi 18 og ók þaðan bifreiðinni Í-4713 að Heimabæ 4, Hnífsdal. Þar tók Hulda Jónsdóttir við akstri bifreiðarinnar og ók henni þar til lögreglan hafði afskipti af akstrinum kl. 14:00 á sunnudeginum. Meðan ákærði var farþegi í bifreiðinni kveðst hann hafa drukkið um einn fjórða úr flösku af sterku víni.

Ákærða var tekið blóð til ákvörðunar alkóhóls, kl. 15:00 og reyndist það hafa að geyma 1,71‰ alkóhóls.

Í skýrslu, sem varðstjóri tók af ákærða strax eftir handtökuna, kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði hélt við þennan framburð þegar lögreglan tók aftur skýrslu af honum 27. september

1983 en sagðist hins vegar hafa fundið að hann var vansvefta þegar hann ók bifreiðinni.

Hulda Jónsdóttir kvað áfengislykt hafa verið af ákærða þegar hann kom til hennar og hann hefði borið merki ölvunar, þreytulegur og slapplegur.

Er ákærða var birt ákæran fyrir dómi 25. febrúar 1985 viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni Í-4713 undir áhrifum áfengis 25. september 1983.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 með dómi frá 15. október 1981.

Niðurstaða.

Verjandi ákærða telur ósannað að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis er hann ók bifreiðinni Í-4713 sunnudaginn 25. september 1983.

Með hliðsjón af því áfengismagni, sem ákærði neytti áður en hann lagðist til svefnis aðfaranótt sunnudagsins 25. september 1983, þeim tíma sem hann svaf, áður en hann ók bifreiðinni Í-4713, og með vísun í framburð ákærða fyrir dómi 25. febrúar 1985 verður að telja sannað að ákærði hafi ekki sökum undanfarandi áfengisneyslu getað stjórnað bifreiðinni Í-4713 örugglega er hann ók henni 25. september 1983 frá Hlíðarvegi 18, Ísafirði að Heimabæ 4, Hnífsdal. Með þessari háttsemi hefur ákærði því brotið gegn 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Það athugist að í ákæru hefur húsnúmer misritast. Þar sem stendur „Hlíðarvegi 44“ á að vera „Hlíðarvegi 18“. Kemur þetta ekki að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

V. Ákæra frá 10. september 1984.

Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson er ákærður:

I. „Fyrir að aka, aðfaranótt laugardagsins 5. mars 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-72030 frá Ísa-fjarðarflugvelli við Ísafjörð áleiðis að Mánagötu 2, Ísafirði, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Skutulsfjarðarbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

II. Fyrir að hafa sömu nótt brotist inn í Vörumarkað Kaupfélags Ísfirðinga á Skeiði, Ísafirði, í félagi með Grétari Helgasyni, fæddum 5. október 1959, og Hjálmari Guðmundssyni, fæddum 2. desember 1965, og stolið þar gólföskubakka, 6 þökkum af vindlingum, tveimur vindlingakveikjurum, einum stauk með tyggigúmmí og öðrum með sælgæti, tveimur ölflöskum og tveimur súkkulaðistykkjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Fyrri liður ákæru:

Málsatvik.

Samkvæmt framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi, framburði vitna og öðrum gögnum málsins eru atvik þess sem hér segir: Eftir dansleik aðfaranótt laugardagsins 5. mars 1983 var ákærða, ásamt Grétari Helgasyni og Hjálmari Guðmundssyni, ekið inn á Ísafjarðarflugvöll frá Ísafirði. Þar var bifreiðin R-72030, sem ákærði hafði tekið að sér að gera við fyrir eiganda hennar. Frá flugvöllinum ók ákærði bifreiðinni R-72030 áleiðis út á Ísafjörð. Farþegar í bifreiðinni voru þeir Hjálmar og Grétar. Á leið sinni til Ísafjarðar braust ákærði ásamt Hjálmari og Grétari inn í Vörumarkað Kaupfélags Ísfirðinga á Skeiði eins og frá greinir í síðari lið ákæru.

Síðan var það að lögreglan hafði afskipti af akstri ákærða kl. 5:50 að morgni laugardagsins 5. mars á Skutulsfjarðarbraut. Sökum gruns um ölvun við akstur og réttindaleysi var farið með ákærða á lögreglustöðina á Ísafirði þar sem varðstjóri tók skýrslu af honum og læknir tók ákærða blóð til ákvörðunar alkóhóls í því.

Ákærði viðurkenndi að hafa neytt um hálftrar flösku af sterku áfengi áður en hann hóf aksturinn og fundið til áfengisáhrifa.

Samkvæmt vottorði um niðurstöðu alkóhólsrannsóknar hafði blóð ákærða að geyma 1,92‰ alkóhóls.

Með dómi frá 15. október 1981 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 að telja.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá er í ákæru greinir. Varðar sú háttsemi við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Síðari liður ákæru:

Málsatvik.

Samkvæmt framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi og framburði þeirra Hjálmars Guðmundssonar og Grétars Helgasonar hjá lögreglu eru atvik málsins sem hér segir: Á leið sinni frá Ísafjarðarflugvelli, aðfaranótt laugardagsins 5. mars 1983, til Ísafjarðar braust ákærði ásamt Hjálmari Guðmundssyni og Grétari Helgasyni inn í Vörumarkað Kaupfélags Ísfirðinga á Skeiði. Þeir félagar fóru inn um glugga á suðurhlíð hússins með því að taka hlera frá glugganum. Inn í versluninni tóku þeir ákærði,

Hjálmar og Grétar ýmsar vörur, svo sem í ákæru greinir og höfðu á brott með sér. Síðan fóru þeir út úr versluninni og héldu áfram för sinni til Ísa-fjarðar á bifreiðinni R-72030 sem ákærði ók eins og frá er greint í fyrri lið ákæru.

Lögð var fram skaðabótakrafa frá Kaupfélagi Ísfirðinga vegna þjófnaðar á vörum og skemmda á munum í versluninni að fjárhæð kr. 13.945,26. Ákærði, Hjálmar og Grétar hafa fallist á suma liði skaðabótakröfunnar en mótmælt öðrum. Þeir töldu magn þeirra vara sem saknað var vera of-talið og töldu rétta fjárhæð vera kr. 5.730,00 sem þeir hafa fallist á að greiða. Í ákæru er upptalning á stolnum vörum í samræmi við framburð aðila. Verður ákærði því einungis dæmdur til að greiða þá fjárhæð sem hann hefur fallist á að greiða, kr. 5.730,00.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir. Ákærði hefur því brotið gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt sömu grein.

Ákærða ber að greiða Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 5.730,- í skaðabætur.

Með bréfi ríkissaksóknara frá 10. september 1984 var samþykkt að þætti Hjálmars Guðmundssonar og Grétars Helgasonar í framangreindu broti væri lokið með dómsátt.

VI. Ákæra frá 19. nóvember 1984.

Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson er ákærður:

1.

„Fyrir að aka, sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni Í-4566 um götur Reykjavíkur miðvikudaginn 14. mars 1984.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

2.

Fyrir að aka, laugardaginn 16. júlí 1984, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni Y-12007 á bifreiðastæði við félagshemilið í Hnífsdal.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar

til að öðlast ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fyrri liður ákæru:

Málsatvik.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru atvik þess sem hér segir: Miðvikudaginn 14. mars 1984 laust eftir kl. 15:00 er lögreglumenn í lögreglunni í Reykjavík voru á eftirlitsferð eftir Laugavegi sáu þeir hvar bifreiðinni Í-4566 var lagt fyrir utan Stjörnuþíb. Annar lögreglumanna þekkti ökumann bifreiðarinnar, ákærða Trausta Aðalstein, og vissi að hann var sviptur ökuréttindum. Ákærði var þá handtekinn og farið með hann á lögreglustöðina á Hverfisgötu 113 þar sem varðstjóri tók skýrslu af ákærða. Hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni Í-4566 um götur Reykjavíkur sviptur ökuréttindum ævilangt. Ákærði viðurkenndi einnig brot sitt fyrir dómi 25. febrúar 1985.

Með dómi frá 15. október 1981 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 að telja.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu er sannað að ákærði ók bifreiðinni Í-4566 sviptur ökuleyfi ævilangt um götur Reykjavíkur miðvikudaginn 14. mars 1984. Ákærði hefur því brotið gegn 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Síðari liður ákæru:

Málsatvik.

Samkvæmt framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi og vitna eru atvik málsins þessi: Ákærði var farþegi í bifreiðinni Y-12007 aðfaranótt laugardagsins 16. júní 1984 þegar handfang sjálfskiptingar bifreiðinnar bilaði. Ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði hana á bifreiðastæði við Félagsheimilið í Hnífsdal og tók ákærði að sér að gera við bilunina. Settist hann því undir stýri bifreiðarinnar og lauk verki sínu. Til að vera fullviss um árangur gangsetti hann bifreiðina og ók henni nokkra metra aftur á bak og áfram. Síðan tók ökumaðurinn aftur við stjórn bifreiðarinnar og ók áleiðis inn á Ísafjörð.

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði aksturinn á Hnífsdalsvegi því spurnir höfðu borist af akstri ákærða. Ákærði viðurkenndi síðan hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni eins og áður segir.

Læknir tók ákærða blóð til ákvörðunar alkóhóls í því og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar hafði það að geyma 2,23‰ alkóhóls.

Með dómi frá 15. október 1981 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. júlí 1981 að telja.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem í síðari lið ákæru greinir. Hann hefur því brotið gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

VII. Ákæra frá 8. mars 1985.

Ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson er ákærður:

1.

„Fyrir þjófnað með því að hafa, aðfaranótt mánudagsins 31. desember 1984, brotist inn í trésmíðaverkstæði Daniels Kristjánssonar við Árnagötu á Ísafirði í félagi við Fjölni Má Baldursson, fæddan 2.9. 1961, og stolið þar 12.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir að aka laugardaginn 9. febrúar 1985 bifreiðinni Í-1903 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt um götur á Ísafirði uns hann festi bifreiðina í snjó við Góuholt 13 þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

3.

Fyrir að aka um miðnætti laugardagsins 16. febrúar 1985 bifreiðinni R-22399, sem var án skráningarmerkja, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá svonefndri Bæjarbrekku á Ísafirði af mikilli óvarkárni austur Hafnarstræti með allt að 90 kílómetra hraða á klukkustund þrátt fyrir myrkur og rigningu og nokkra umferð gangandi vegfaranda í Hafnarstræti en akstri hans lauk við afgreiðslu Djúpbátsins þar í götunni þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. og 3. mgr. staflíði a, b og c 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Fyrsti liður ákæru:

Málsatvik.

Ákærði hefur viðurkennt hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa brotist inn í trésmíðaverkstæði Daniels Kristjánssonar, Árnagötu á Ísafirði, aðfaranótt mánudagsins 31. desember 1984 í félagi við Fjölni Má Baldursson. Innbrotið frömdu þeir ákærði og Fjölnir Már Baldursson með þeim hætti að losa spjald úr glugga, þar sem rúða hafði brotnað, og fara þar inn á trésmíðaverkstæðið. Inni á verkstæðinu leituðu þeir að peningum og fundu þá í skrifborðsskúffu á skrifstofu verkstæðisins. Peningunum, kr. 12.000,00 skiptu ákærði og Fjölnir Már Baldursson á milli sín og eyddu þeim síðan.

Niðurstaða.

Sannað er með framburði ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, að hann hefur með háttsemi sinni brotið gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt sömu grein.

Með ákæru frá 8. mars 1985 var Fjölnir Már Baldursson ákærður fyrir þátt sinn í ofangreindu broti, og var dæmt í málinu í sakadómi Ísafjarðar 29. mars 1985. Lá þá fyrir skaðabótakrafa frá trésmíðaverkstæði Daniels Kristjánssonar og var á því byggt að Trausti Aðalsteinn og Fjölnir Már hefðu stolið 12.000 kr. og Fjölnir Már dæmdur til að greiða 6.000 kr., þar sem ákært var í tvennu lagi. Verður því ákærði Trausti Aðalsteinn Kristjánsson nú dæmdur til að greiða kr. 6.000,00 í skaðabætur til trésmíðaverkstæðis Daniels Kristjánssonar.

Annar liður ákæru:

Málsatvik.

Laugardaginn 9. febrúar 1985 varð lögreglan í Ísafirði vör við ferðir ákærða á bifreiðinni Í-1903. Þar sem vitað var að ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt var honum veitt eftirför. Ákærði varð var við lögregluna á gatnamótum Fjarðarstrætis og Sólgötu. Ekki sinnti hann merkjum um að stöðva bifreiðina sem hann ók, heldur ók hann áfram inn í Holtahverfi. Allan tímann var honum veitt eftirför en akstri ákærða lauk er hann festi bifreiðina í snjóskafli við Góuholt 13.

Ákærði var þá fluttur á lögreglustöðina á Ísafirði þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu og lækni tók ákærða blóð til alkóhólákvörðunar.

Hjá lögreglu viðurkenndi ákærði akstur bifreiðarinnar Í-1903 undir áhrif-

um áfengis. Hann kvaðst hafa neytt einnar flösku af sterku áfengi áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar Í-1903.

Fyrir dómi hefur ákærði staðfest framburð sinn hjá lögreglu.

Samkvæmt vottorði um niðurstöðu alkóhólsrannsóknar á blóði ákærða reyndist það hafa að geyma 1,80‰ alkóhóls.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi er varðar við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og því unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Þriðji liður ákæru:

Málsatvik.

Laust eftir miðnætti laugardaginn 16. febrúar 1985 voru lögregluþjónar í eftirlitsferð á lögreglubifreið á Ísafirði þegar þeir mættu bifreiðinni R-22399 sem var ekið austur Hafnarstræti á miklum hraða. Lögreglubifreiðinni var snúið við og ekið á eftir bifreiðinni R-22399 og hún stöðvuð á hafnarkantinum við afgreiðslu Djúpbátsins. Í bifreiðinni voru handteknir þeir ákærði, Þórður Guðjón Hilmarsson og Haraldur Óli Ólafsson og farið með þá á lögreglustöðina á Ísafirði.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni R-22399 áður en lögreglan stöðvaði akstur hans á hafnarkantinum. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni frá Bæjarbrekku, efst í Hafnarstræti, og beina leið niður á höfn.

Áður en ákærði hóf aksturinn kvaðst hann hafa neytt einnar flösku af sterku víni frá kl. 20:00 fyrr um kvöldið. Læknir tók ákærða blóð strax eftir handtökuna og samkvæmt vottorði um niðurstöðu alkóhólákvörðunar í blóði ákærða hafði það að geyma 2,38‰.

Lögregluþjónarnir, sem stöðvuðu akstur ákærða, gerðu það vegna þess hve hratt bifreiðinni R-22399 var ekið. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki muna hve hratt hann ók en kvaðst telja að hann hefði ekið á 60-70 km hraða niður Hafnarstræti.

Vitnið Haraldur Óli Ólafsson kvaðst telja við yfirheyrslu hjá lögreglu að ákærði hefði ekið bifreiðinni R-22399 á 80-90 km hraða og sér hefði fundist ákærði aka mjög glannalega.

Vitnið Þórður Guðjón Hilmarsson lýsti akstri ákærða svo hjá lögreglu: „Ekki veit ég hversu hratt Trausti ók, en akstur hans var all rosalegur.“

Þegar ákærði ók bifreiðinni R-22399 umrætt sinn var myrkur, skyggni slæmt og gengið hafði á með rigningarskúrum. Einnig var þónokkuð um gangandi vegfarendur í Hafnarstræti er ákærði ók bifreiðinni.

Ákærði ók bifreiðinni R-22399 án skráningarmmerkja umrætt sinn. Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina og vegna vanbúnaðar var bifreiðin tekin úr umferð.

Ákærði var eigandi bifreiðarinnar R-22399 en ekki hafði bifreiðin verið skráð á hans nafn.

Samkvæmt sakavottorði er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 7. júlí 1981 að telja.

Fyrir dómi staðfesti ákærði atvikalýsingu ákæru nema að hann kvaðst ekki hafa ekið á allt að 90 km hraða eins og í ákæru segi.

Niðurstaða.

Verjandi ákærða telur ósannað að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 50. gr. laga nr. 40/1968.

Ákærði bar hjá lögreglu að hann hefði ekið bifreiðinni R-22399 á 60-70 km hraða. Þennan framburð staðfesti ákærði fyrir rétti en neitaði hins vegar að hafa ekið á allt að 90 km hraða.

Vitni hafa lýst akstri ákærða sem glannafengnum.

Ekki verður talið sannað að ákærði hafi ekið á allt að 90 km hraða umrætt sinn en hins vegar er sannað með framburði ákærða sjálfs og með hlidsjón af framburði vitna að hann hafi brotið gegn 1. mgr. og 3. mgr. staflíðum a, b og c 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. laga nr. 40/1968 með því að aka á 60-70 km hraða austur Hafnarstræti 16. febrúar 1985.

Þá er sannað með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hefur brotið gegn 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968 og unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Ákvörðun refsingar ákærða Trausta Aðalsteins Kristjánssonar:

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

- 1980 6/3 á Ísafirði. Sátt: 120.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 6/3 1980.
- 1981 2/3 á Ísafirði. Sátt: 900 kr. sekt f. brot g. 244. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hgl.
- 1981 15/10 á Ísafirði. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11/7 1981.
- 1982 24/2 á Ísafirði. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1982 3/11 á Ísafirði. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 48. gr. umfl.
- 1984 15/1 á Ísafirði. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot gegn 248. gr. hgl.

Þau þrettán brot, sem ákærði hefur nú gerst sekur um, eru framin á árunum 1983 og 1984, nema eitt brot á árinu 1981 og tvö á árinu 1985.

Við ákvörðun refsingar ber að virða ákærða til málsbóta að hann bætti fyrir tjón vegna innbrots í verslunina Vöruval 22. janúar 1984, sbr. 9. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærða, Trausta Aðalsteins Kristjánssonar, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Til frádráttar refsingu ákærða kemur sá tími er hann sætti gæsluvarðhaldi frá 16. febrúar 1985 til 15. mars 1985.

Þá ber, samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968, að árétta að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist vegna brota er frá greinir í ákærum frá 30. september 1983, 18. maí 1984 síðari lið, 5. júlí 1984, 19. nóvember 1984 síðari lið og 8. mars 1985 öðrum og þriðja lið. Það athugist að fyrir brot það, sem frá greinir í ákæru frá 10. september 1984, fyrri lið, er ekki krafist sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968.

Dæma ber ákærða, Trausta Aðalstein Kristjánsson til að greiða Kaupfélagi Ísfirðinga skaðabætur kr. 5.730,00 og trésmíðaverkstæði Daniels Kristjánssonar skaðabætur kr. 6.000,00.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar þ.m.t. réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 30.000,00 en samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 er rétt að ákveða að þar af greiðist kr. 7.000,00 úr ríkissjóði.

Ákvörðun refsingar ákærða Óla Péturs Lúðvíkssonar:

Samkvæmt sakavottorði var ákærði sviptur ökuleyfi og gekkst undir greiðslu sektar með dómsátt 31. október 1984 vegna brots á 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Ákærði, Óli Pétur Lúðvíksson, hefur gerst sekur um brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940.

Hins vegar er á það að líta að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um auðgunarbrot, brot hans er lítið og hann hefur af sjálfsdáðum bætt að fullu fyrir brot sitt.

Þykir refsing ákærða, Óla Péturs Lúðvíkssonar, hæfilega ákveðin sekt kr. 3.000,00 með vísan til 8. tl. 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr. 256. gr. laga nr. 9/1940.

Dóm þennan kvað upp Ólafur K. Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísa-firði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, sæti fangelsi í 5 mánuði. Til frádráttar kemur gæsluvarðhaldstími ákærða frá 16. febrúar 1985 til 15. mars 1985.

Ákærði, Óli Pétur Lúðvíksson, greiði sekt kr. 3.000,00 til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins en ella komi varðhald í 3 daga.

Ævilöng ökuleyfissvipting ákærða Trausta Aðalsteins Kristjánssonar skal haldast.

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, greiði skaðabætur kr. 5.730 til Kaupfélags Ísfirðinga og kr. 6.000,00 til trésmíðaverkstæðis Daníels Kristjánssonar.

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, greiði sakarkostnað, þ.m.t. réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 30.000,00 en þar af greiðast kr. 7.000,00 úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1986.

Nr. 228/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni

(Örn Clausen hrl.)

Tilraun til manndráps.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var með stefnu 10. október 1985 áfrýjað af hálfu ákærvaldsins samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. nr. 74/1974 og er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember 1985.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl 1985 til frádráttar refsingu hans, en frá þeim degi hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi óslitið.